



Safnaðartíðindi

Seljasóknar

36. ÁRG. 1. TBL. Páskar 2015



Seljakirkja í upphafi dymbilviku

Upplýsingar um dagskrá Seljakirkju í kyrruviku og um páska er á baksíðu

Framundan eru bænadagar og páskahátíð. Páskarnir eru stærsta hátíð kristinna manna, þar sem við fögnum upprisu frelsarans. Með þeirri sikhurhátíð hvílir grundvöllur trúarinnar, eins og orð postulans í fyrra Korintubréfi vitna um: „*ef Kristur er ekki upprisinn, þá er ónýt prédikun vor, ónýt líka trú yðar.*”

Við erum kölluð til að taka höndum saman um reisa og rækta það samfélag sem byggir á þeirri

von og trú. Þess vegna er fjölbreytt dagskrá í kirkjunni okkar um bænadagana. Í miklum önnum hversdagsins er gott að koma saman í helgu húsi, eiga saman rólega stund og íhuga og rækja þá þætti sem mestu skipta í tilverunni, trú, von og kærleika. Komum til kirkjunnar, tökum þátt í hátíðarhöldunum og fögnum hinum sanna fagnaðarboðskap: Kristur er upprisinn!

Ólafur Jóhann Borgþórsson



Kór Seljakirkju býður til tónleika á föstudaginn langa

Kór Seljakirkju starfar undir stjórn Tómasar Guðna Eggertssonar, organista. Meginverkefni kórsins, eins og annara kirkjukóra, er að leiða söng við guðspjónustur safnaðarins. En viðfangsefni eru fleiri og nú er stórt verkefni framundan. Að kvöldi föstudagsins langa býður Kór Seljakirkju til tónleika í kirkjunni. Á efnisskránni eru sálmar og verk sem tilheyra þessum helga degi, þar sem minnst er þínu frelsarans og

krossdaða í þágu mannkyns. Margar af fallegustu perlum sálmabókarinnar gera atburði föstudagsins langa að umfjöllunarefni og verða fluttar á tónleikunum, m.a. Ég kveiki á kertum mínum og Krossferli að fylgja þínum. Tónleikarnir verða sem áður segir á föstudaginn langa, þann 3. apríl kl. 20 og er aðgangur ókeypis. Á helgum degi er gott að eiga kyrra stund og íhuga atburði dagsins undir fögrum tónum.

Aðalfundur Seljasóknar 19. apríl

Að lokinni guðspjónustu þann 19. apríl n.k. verður haldinn aðalfundur Seljasóknar. Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf, þar sem ársreikningar verða lagðir fram auk skýrslna frá sóknarnefnd, starfsfólki og fulltrúum

ýmissa deilda safnaðarins. Auk þess fer fram kosning fimm aðalmanna til fjögurra ára og tveggja skoðunarmanna til eins árs. Á fundinum hafa atkvæðisrétt allir þeir sem náð hafa 16 ára aldri, hafa lögheimili í Seljasókn og eru skráðir í Þjóðkirkjuna.

Kirkjureið og guðspjónusta hestafólks 3. maí

Allt frá árinu 2000 hefur það verið árlegur viðburður á hverju vori að hestamenn koma ríðandi til guðspjónustu í Seljakirkju. Að þessu sinni fer kirkjureiðin fram sunnudaginn 3. maí. Safnast verður saman í hesthúsahefningunum í Víðidal, Almannaadal, Andvaravöllum, Heimsenda og Gustssvæðinu og ríðið saman til kirkjunnar. Hestunum er komið fyrir í traustu gerði sem sett er upp á bilastæði kirkjunnar á meðan

messan fer fram. Guðspjónustan hefst kl. 14 og mun sr. Valgeir Ástráðsson fyrrverandi sóknarprestur prédika, Brokk-kórinn, undir stjórn Magnúsar Kjartanssonar leiðir söng og á orgelið spilar að venju Tómas Guðni Eggertsson. Að lokinni guðspjónustu verður efnt til messukaffis áður en haldið er aftur heim á leið. Allir eru hjartanlega velkomnir til guðspjónustunnar, hvort sem fólk kemur á hesti eða ekki.

Kvöldmessur í sumar

Eins og mörg undanfarin ár breytist guðspjónustutímminn í Seljakirkju í sumar. Frá og með hvítasunnudegi og fram til loka ágústmánaðar verða guðspjónustur í Seljakirkju á sunnudagskvöldum kl. 20. Þá gefst

sem flestum möguleiki á að koma til kirkjunnar í lok helgar og byrjun vinnuvikunnar. Það er ljúft að eiga kvöldstund í kirkjunni, í bæn fyrir nýrri viku og þökk fyrir allar góðar Guðs gjafir.



Fréttir

Morgunverður að lokinni guðspjónustu á páskadagsmorgni

Að venju verður hátíðarguðspjónusta að morgni páskadags kl. 8. Að lokinni guðspjónustu verður boðið til morgunverðarhlaðborðs í safnaðarheimili kirkjunnar. Allir eru hjartanlega velkomnir til kirkjunnar að fagna og gleðjast á helgri hátíð.

Nýir liðir í safnaðarstarfinu

Tveir nýir liðir bættust við fjölbreytt safnaðarstarf Seljakirkju í vetur. Dagforeldramorgnar eru vikulegar samverustundir fyrir dagforeldra í Seljahverfi. Það hefur reyndar ekki alltaf verið kerrufært í vetur, en þrátt fyrir ófærðina hafa margir verið duglegir láta að sjá sig. Eftir áramótin hófust svo vikulegir fundir fyrir 6 - 9 ára börn í hverfinu. Steinunn Anna hefur stýrt starfinu með dyggri aðstoð Sunnu Bjargar og Unnar Rúnar. Hefur þetta mælst vel fyrir og krakkarnir verið duglegir að mæta í kirkjuna. Það má ljóst vera að báðir þessir starfsþættir njóta mikilla vinsælda og eru komnir til að vera.

Barnakórinn

Það hefur verið bjart yfir starfi barnakórsins í vetur. Um 40 stúlkur taka nú þátt í starfi kórsins sem syngur undir styrki stjórn Rósalindar Gísladóttur. Að venju hefur kórinn sungið við barnaguðspjónustur í kirkjunni í vetur en auk þess tekur kórinn nú þátt í samstarfi barnakóra annarra kirkna á höfuðborgarsvæðinu með stórum tónleikum í Hallgrímskirkju á skírdag. Kórinn mun halda sína árlegu tónleika í Seljakirkju í lok vetrarstarfsins sem verða auglýstir á heimasíðu kirkjunnar þegar nær dregur.





Fréttir

Nýr prestur settur inn í embætti

Sunnudaginn 8. mars síðastliðinn var séra Bryndís Malla Elíadóttir sett formlega inn í embætti prests í Seljaprestakalli af prófasti Reykjavíkurprófastsdæmis eystra, séra Gísli Jónassyni. Sr. Bryndís Malla var valin úr hópi þrettán umsækjenda og var skipuð í embættið frá og með 1. desember síðastliðnum. Séra Bryndís Malla starfaði síðastliðin 10 ár sem héraðsprestur í Breiðholts-kirkju og er okkur því mörgum í Breiðholtinu að góðu kunn.

Vetrarlok barnastarfsins

Eins og venja er fara flestir hefðbundnir þættir safnaðarstarfsins í frí yfir sumarmánuðina. KFUM & KFUK endaði sitt vetrarstarf með vorferð í Vatnaskóg um síðastliðna helgi. Síðasta samvera í starfi fyrir 6 - 9 ára verður miðvikudaginn 20. maí og síðasti fundur vetrarins í æskulýðsfélaginu SELA verður þann 19. maí. Barnakórinn mun enda sitt starf með veglegum vortónleikum í maí og síðasta barnaguðspjónusta vetrarins verður þann 26. apríl, þar sem verður endað með veglegri pylsuveislu. Guðspjónusturnar munu að sjálfsögðu verða hvern sunnudag á sumartíma í allt sumar eins og greint er frá annars staðar í blaðinu.



Safnaðartíðindi Seljasóknar

36. árg. 1. tbl. Páskar 2015

Seljakirkja

v/Raufarsel 109 Reykjavík. s: 567 0110

Ábyrgðarmaður: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson

Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson

Prentun: Svansprent hf.

Upplag: 3000 eintök.

Uppstigningardagur – dagur eldri borgara 14. maí

Um margra ára skeið hefur uppstigningardagur verið tileinkaður eldri borgurum í kirkjum landsins og þeim sérstaklega boðið til guðspjónustu. Að þessu sinni ber uppstigningardag upp á 14. maí og verður þá guðspjónusta í Seljakirkju kl. 14. Sr. Bryndís Malla Elíadóttir prédikar og þjónar fyrir altari, kór Seljakirkju leiðir safnaðarsöng og organisti verður Tómas Guðni Eggertsson. Að lokinni guðspjónustu

munu konur í Kvenfélagi Seljasóknar bjóða öllum kirkjugestum í veglegt kaffihlaðborð. Þar sannast máltækið góða að maður er manns gaman, því þar er skrafað og spjallað auk þess sem organistinn sest við píanóið og sungnir verða vor- og sumarsöngvar sem eru kærkomnir eftir langan vetur. Að venju verður boðið upp á akstur, bæði til og frá kirkju, og þarf einungis að hringja í síma 567 0110 til að fá bílfar.

Jazzmessa að kvöldi hvítasunnudags 24. maí - tríó Þóris Baldurssonar leiðir tónlistina

Á hvítasunnudag minnst kristnir menn um allan heim þess þegar heilagur andi kom yfir lærisveinana og kristin kirkja varð til. Þess vegna er hvítasunnan ein af þremur stórhátíðum kirkjuársins. Að venju verður guðspjónusta á þessum degi í kirkjunni okkar, en þó með svolítið breyttu sniði frá því sem verið hefur. Að kvöldi hvítasunnudags, kl. 20 verður jazz-messa í Seljakirkju. Höfum við fengið til liðs við okkur magnað tríó landsþekkra djassista sem er skipuð þeim Þóri Baldurssyni á

hammondorgel, Jól Pálssyni á saxófón og Einar Valur Svheving á trommur. Söngvari með bandinu verður betur kynntur þegar nær dregur.

Í messunni verður flutt trúarleg jazztónlist á milli ritningarlestra, guðspjalls, prédikunar og bænagiörðar. Í framhaldi af guðspjónustunni mun hljómsveitin svo halda stutta tónleika kirkjugestum til ánægju og yndisauka. Við lofum ljúfri kvöldstund þar sem við fögnum og gleðjumst á helgri hátíð.

Gengið á milli kirkna - samstarfsverkefni Breiðholtssafnaða

Eins og undanfarin ár munu söfnuðirnir í Breiðholti taka höndum saman og skipuleggja kvöldgöngur, þar sem gengið er frá einni kirkju til annarrar þar sem tekið verður þátt í guðspjónustu á áfangastað. Fyrsta kirkjugangan verður þann 7. júní, þá verður gengið frá Seljakirkju kl. 19 til Fella- og Hólakirkju, þar sem messa verður kl. 20. Þann 14. júní verður lagt af stað kl. 19 frá Fella – og Hólakirkju og gengið til guðspjónustu sem hefst í

Breiðholtskirkju kl. 20. Síðasta ganga verður svo á sumarsólstöðum, þann 21. júní, þar sem hringnum verður lokað og gengið frá Breiðholtskirkju til guðspjónustu í Seljakirkju. Reynslan hefur sýnt að gönguferðir á milli kirknanna eru ákaflega dýrmætar, þar sem við njótum þeirrar fallegu náttúru sem Breiðholtið hefur að geyma og eigum gott og uppbyggilegt samfélag.

Guðsþjónustur í Seljakirkju í kyrruviku og um páska

29. mars pálmasunnudagur

- kl. 11 Barnaguðsþjónusta
kl. 10.30 Fermingarguðsþjónusta
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
kl. 14 Fermingarguðsþjónusta
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.

31. mars

- kl. 18 Menningarvaka eldri borgara
Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona sér um dagskrána.

2. apríl skírdagur

- kl. 10.30 Fermingarguðsþjónusta
Sr. Bryndís Malla Elíadóttir prédikar
kl. 14 Fermingarguðsþjónusta
Sr. Bryndís Malla Elíadóttir prédikar

3. apríl föstudagurinn langi

- kl. 14 Guðsþjónusta
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
kl. 20 Tónleikar Kórs Seljakirkju
Nánar má lesa um tónleikana á bls. 2.

5. apríl páskadagur

- kl. 8 Hátíðarguðsþjónusta
Sr. Bryndís Malla Elíadóttir prédikar.
Eiríkur Örn Pálsson leikur á trompet.
Að lokinni guðsþjónustu verður boðið til morgunverðar í safnaðarheimili kirkjunnar.
kl. 11 Fjölskylduguðsþjónusta
Umsjón: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson.
Barnakór kirkjunnar syngur undir stjórn Rósalindar Gísladóttur.
kl. 11 Guðsþjónusta í Skógarbæ
Sr. Bryndís Malla Elíadóttir prédikar.

6. apríl annar páskadagur

- kl. 14 Fermingarguðsþjónusta
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.

Kór Seljakirkju syngur við guðsþjónusturnar.
Organisti er Tómas Guðni Eggertsson.